

GJALDSKRÁ

Fjármálaeftirlitsins fyrir athugun á útboðslýsingu í almennu útboði verðbréfa.

1. gr.

Fyrir athugun Fjármálaeftirlitsins á útboðslýsingu vegna almenns útboðs verðbréfa, sbr. 3. mgr. 26. gr. IV. kafla laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, skal greiða þóknun samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fyrir athugun á útboðslýsingu skal greiða tímagjald sem nemur kr. 9.000.

3. gr.

Að lokinni athugun og gegn greiðslu kostnaðar afhendist verkbeiðanda útboðslýsing ásamt staðfestingu.

Sé hætt við útboð eftir að athugun á útboðslýsingu er hafin, greiðir verkbeiðandi áfallinn kostnað samkvæmt reikningi.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Fjármálaeftirlitsins, sbr. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 33/2003, öðlast gildi við birtingu.

Fjármálaeftirlitinu, 24. nóvember 2005.

Jónas Fr. Jónsson.

Ragnar Haflíðason.

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2005